# *Nr. 20-060 S 044 Sighvatur GK 57*

## *Skipverji slasast við fall*

*Skipaskr.nr.* 1416
*Útgerð:* Vísir hf.
*Smíðaður:* Noregur 1975, stál
*Stærð:* 718,0 bt.
*Mesta lengd:* 48,87 m *Skráð lengd:* 44,52 m
*Breidd:* 8,20 m *Dýpt:* 4,16 m
*Vél:* Caterpillar 736 kW, 2017.
*Fjöldi skipverja:* 14

***Gögn:***
*Gögn RNSA*



Sighvatur©Hafþór Hreiðarsson

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2020 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 3. maí 2020 var Sighvatur GK 57 á línuveiðum á SV miðum. Veður: SV 4-6 og lítill sjór.

Skipverji var að fara yfir lestarlúgu á milliþilfari þegar hann rann til og féll með þeim afleiðingum að hann m.a. rifbeinsbrotnaði. Hann varð óvinnufær í nokkurn tíma.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að fram kom hjá slasaða að gönguleiðin hefði ekki verið hálkuvarin að hluta og sá kafli hefði verið mjög sleipur;
- að fram kom hjá skipstjóra að það hafi verið gúmmímottur á lúgunni og þegar hún yrði næst máluð yrði settur sandur á hana;
- að slasaði var alvanur sjómaður og hafði verið rúmt ár á skipinu.

### *Nefndarálit:*

Orsök slyssins voru óviðunandi vinnuaðstæður.